


Afstöðumynd, mkv.1:500

**Furuás-12**

| | Flatarmál (m2) | Rúmmál (m3) |
|---|---|---|
| Botnplata | ------ | 31,3 |
| 1. hæð | 156,4 | 453,0 |
| 2. hæð | 150,4 | 547,4 |
| Samtals | 306,8 | 1031,7 |
| Þar af botnplata | | |
| Flatarmál lóðar | 537,5 | |
| Nýtingarhlutfall | 0,57 | |

**Furuás-14**

| | Flatarmál (m2) | Rúmmál (m3) |
|---|---|---|
| Botnplata | ------ | 31,1 |
| 1. hæð | 155,7 | 451,5 |
| 2. hæð | 147,0 | 545,0 |
| Samtals | 302,7 | 1027,6 |
| Þar af botnplata | | |
| Flatarmál lóðar | 537,5 | |
| Nýtingarhlutfall | 0,56 | |

## HÚSLÝSING:

Húsið er parhús á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu og er innangengt úr bílgeymslum í íbúðirnar. Aðalinngangur er á 2. hæð húss, suðvesturhlið.
Þegar komið er inn úr anddyri húsanna á aðalhæð eru stofa og eldhús staðsett á vinstri hönd í íbúð nr. 14 og hægri hönd í íbúð 12, í íbúð 14 er eitt vinnuherbergi á hæðinni og í íbúð 12 er eitt svefnherbergi á hæðinni, baðherbergi er á hverri hæð í báðum íbúðum en þvottaherbergi er á 2.hæð í íbúð 12 en á 1. hæð í íbúð 14.
Báðar íbúðirnar eru með svalir á 2.hæð sem snúa í norðaustur og verönd við eldhús sem snýr í suðvestur.
Á 1. hæð íbúðar 12 er á hægri hönd, þegar komið er niður stigann, aukastofa en tómstundaherbergi og eitt svefnherbergi með fataherbergi innaf á vinstri hönd, í báðum íbúðum er geymsla á 1. hæð.
Á 1. hæð íbúðar 14 eru 4 svefnherbergi auk baðherbergis þvottaherbergis og geymslu.

**Lóðarfrágangur:**
Lóð er hellulögð framan við anddyri og bílgeymslu og einnig er u verandir við eldhús hellulögð. Á lóðamörkum er limgerði, gerð og frágangur verður ákveðin í samráði við aðliggjandi lóðarhafa. Annað yfirborð er með grasi.
2 bílastæði eru á hvorri lóð, framan við bílageymslu.

## BYGGINGARLÝSING:

**Sökklar og botnplata:**
Sökklar og botnplata eru steypt á staðnum og einangruð með 75mm einangrun.

**Útveggir:**
Útveggir eru staðsteyptir og einangraðir að utanverðu með 100mm steinull undir múrkerfi að hluta og 100mm steinull með timburklæðningu, t.d. sedrusviður, að hluta til. Útveggir aðrir en timburklæddir verða hvítmálaðir.
Að innanverðu eru veggir pússaðir.
Útveggir eru með hámarks U-gildi 0,4W/m2K.

**Einangrun:**
Einangrun er miðuð við ákvæði gr. 180 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt.
Notað verður K-gler í alla glugga.

**Þak:**
Þak er flatt þak, staðsteypt plata, einangruð með 180mm einangrun klædd þakdúk og ásoðnum PVC dúk.
Endanlegur þakhalli þaka skal minns vera 1:50.
Hámarks U-gildi þaka er 0,2W/m2K.

**Gluggar:**
Gluggar eru timbur-ál gluggar með tvöföldu einangrunargleri (K-gler).
Litur glugga verður RAL 7022.

**Útihurðir:**
Útihurðir eru timbur-ál hurðir með tvöföldu einangrunargleri (K-gler)
Litur útihurða verður RAL 7022.

**Innveggir:**
Innveggir sem svertir eru á teikningu eru steyptir aðrir innveggir eru hlaðnir veggir eða gipsplötuveggir á blikkgrind einangraðir með steinull.

**Brunatæknileg atriði:**
Burðarvirki hússins er lágmark REI30. Veggir milli íbúðar og bílageymslu eru REI60 eða EI60. Rýmingarleiðir eru um útidyr í andyri ásamt hurðum út á svalir á efri hæð eða út á lóð á neðri hæð. Einnig eru björgunarop um glugga eða hurð úr öllum svefnherbergjum. Reykskynjara verður komið fyrir á göngum fyrir framan stiga og í bílageymslum, hitaskinjari verður settur upp í eldhúsi.
Veggir og loft bílageymslu og geymslu eru með klæðningu í flokki 1, aðrar klæðningar innanhúss eru a.m.k í flokki 2.

**Loftræsing:**
Öll gluggalaus rými skulu tengd rafknúnu loftræsikerfi.

**Sorp:**
Sorptunnuskýli eru staðsett á lóðarmörkum við gangstíg.

**Upprunaleg hönnun:**
Húsið var upprunalega hannað af Teiknistofunni Arkitektar ehf árið 2007.
Aðalhönnuður var Bjarni Snæbjörnsson FAÍ.

Samþykkt
18 JÚLI 2012
Bjarki Jóhannesson

BREYTINGAR.

VERKHEITI
Furuás 12 og 14
Parhús
Hafnarfirði

VERK
Afstöðumynd og Byggingarlýsing

| MÁL: | DAGS.: |
|---|---|
| 1:100 / A1 | 11.07.2012 |
| HANNAÐ: HE | TEIKNAÐ: HE |
| YFIRFARIÐ: ISC | |

| VERKNÚMER | SVÆÐI | FL | TEIKNINGANÚMER | ÚTG |
|---|---|---|---|---|
| 751-492 | | 04 | 1.01 | |


T.ark
TEIKNISTOFAN ARKITEKTAR ehf
BRAUTARHOLTI 6 - 105 REYKJAVÍK - ÍSLAND
SÍMI: 540 5700 - FAX: 540 5701
teiknistofan@tark.is - www.tark.is

SAMÞ. Halldór Eiríksson Arkitekt FAÍ FSSA Kt.: 130272-5769